

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár samkvæmt mati yfirmatsmanna
hinn 4. desember 1965.

	Einingar.		Einingar.
Hjaltabakki	9	Grimstunga	67
Skinnastaðir	14	Haukagil	54
Akur	62	Saurbær	39
Stóra Giljá, Beinakelda I og Beina- kelda II	9	Ás	34
Litla Giljá	4	Ásbrekka	19
Hnausar	67	Brúsastaðir	8
Bjarnastaðir	33	Snæringsstaðir	5
Másstaðir	10	Undirfell	11
Hjallaland	11	Nautabú	12
Hvammur	20	Kornsá	10
Eyjólfsstaðir	11	Gilsstaðir	10
Bakki	5	Flaga	10
Hof	33	Helgavatn	11
Kötlustaðir	9	Hnjúkur	8
Gilá	17	Breiðabólstaður	7
Marðarnúpur	6	Miðhús	5
Guðrúnarstaðir	2	Vatnsdalshólar	66
Kárdalstunga	2	Sveinsstaðir	74
Þóroormstunga	28	Steinnes	27
Sunnuhlið	31	Leysingjastaðir	8
Forsæludalur	32	Þingeyrar	100
		Samtals	1000

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. desember 1965.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

6. desember 1965.

Nr. 239.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga
nr. 159 20. sept. 1962.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frestur Kjaradóms samkvæmt síðari málslið 14. gr. til að leggja dóm á ágreiningsfni framlengist til 29. desember 1965.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55/1962, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felldur 4. töluliður ákvæða til bráðabirgða í reglugerð um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga, nr. 107 13. maí 1965.

Félagsmálaráðuneytið, 6. desember 1965.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 240.

10. desember 1965.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Varasjóð Sparisjóðs Húsavíkur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. desember 1965. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Varasjóðs Sparisjóðs Húsavíkur, Húsavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Varasjóður Sparisjóðs Húsavíkur. Sparisjóður Húsavíkur var stofnaður 14. desember árið 1895 og starfaði til 31. desember 1962.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er varasjóður Sparisjóðs Húsavíkur, eins og hann var, þegar útibú Landsbanka Íslands yfirtók rekstur sparisjóðsins, eða um 2 milljónir króna.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til framfara og menningarmála í Húsavík og nærsveitum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir fimm menn: Bæjarfógetinn í Húsavík — sýslumaður Þingeyjarsýslu —, bæjarstjórinn í Húsavík, formaður Kvenfélagsambands Suður-Þingeyjarsýslu, prófasturinn í Suður-Þingeyjarsýsluprófastdæmi og útibússtjóri Landsbanka Íslands, Húsavík.

Fyrstu stjórn sjóðsins skal útibússtjóri kalla til fyrsta fundar og kys stjórnin sér þá formann til fjögurra ára og skiptir með sér verkum til sama tíma.

5. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum fara fram, þegar stjórn sjóðsins telur ástæðu til, þó ekki oftan en einu sinni á ári.

Eigi má úthluta meiru en helmingi árstekna sjóðsins, þar til höfuðstóll hans er orðinn 3 milljónir króna, en þá má úthluta allt að tveim þriðju hlutum árstekna hans. Hinn hluti teknanna skal leggjast við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

Nú telur sjóðsstjórnin eigi ástæðu til að ráðstafa þeim hluta ársteknanna, sem veita má til styrkja samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, og getur hún þá annað hvort lagt tekjurnar við höfuðstólinn eða geymt þær til síðari úthlutunar, en þó eigi lengur en tvö ár.